


Framvinduskýrsla


Grænna skuldabréfa 2023




LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

An aerial photograph of a volcanic landscape. In the foreground, a dark, jagged lava flow winds through a valley. In the middle ground, a large crater is visible, with a bright orange-red lava flow inside it. A plume of white smoke or steam rises from the crater. The background shows a vast, dark, and desolate landscape under a clear sky.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og ákvarðanatöku. Lánasjóðurinn hvetur sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að fara frekar í verkefni sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif. Helsta verkfæri Lánasjóðsins til að uppfylla þessi markmið er að veita sveitarfélögum hagkvæma fjármögnun á umhverfisbætandi verkefnum sveitarfélagana með grænum lánveitingum.


A wide-angle photograph of a beach at sunset. The sky is a mix of deep blue, purple, and pink. The sun is low on the horizon, casting a warm glow. In the background, a range of dark, jagged mountains stretches across the horizon. The beach is dark and wet, reflecting the colors of the sky and the mountains. The water is calm, with small waves breaking on the shore.

Græna umgjörð Lánasjóðsins tekur á þeim verkefnum sem sveitarfélög eru ábyrg fyrir í grunnþjónustu í umhverfismálum enda eru þau lykilaðilar þegar kemur að rekstri fráveitna, vatnsveitna og hitaveitna, hirðu og meðhöndlun úrgangs auk hreinsunar á landi sveitarfélagsins. Á næstu árum standa sveitarfélögin frammi fyrir auknum lagalegum kröfum varðandi loftlagsmál, úrgangsstjórnun, innleiðingu hringrásarhagkerfis og náttúruvernd.



Umfangsmiklar breytingar á lögum um úrgangsmál og innleiðingu hringrásarhagkerfis, tóku gildi 1. janúar 2023. Við undirbúning þeirra þurftu sveitarfélög landsins að endurskoða verklag og þau stjórnæki sem þau hafa hingað til nýtt sér við meðhöndlun úrgangs. Þá tók í gildi 1. júní 2023 löggjöf sem varðar auknar kröfur á upplýsingagjöf um sjálfbærni hjá fjármálafyrirtækjum, útgefendum verðbréfa og stórum félögum.

Græn vegferð Lánasjóðsins hófst árið 2019 þegar umhverfisstefna sjóðsins var samþykkt. Í framhaldinu var umgjörð grænna skuldabréfa unnin í samstarfi við Landsbankann. Græna umgjörðin byggir á alþjóðlegum viðmiðum sem ICMA hefur sett saman og byggir á fjórum grunnstoðum. Lánasjóðurinn fékk vottun á umgjörðina frá alþjóðlega vottunaraðilanum Sustainalytics í október 2019.



Verkefni sveitarfélaga sem fjármögnuð verða með grænum skuldabréfum þurfa að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í umgjörðinni



Flokkunarkerfi sjálfbærra fjárfestinga


Í júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu sem byggir á reglugerð Evrópusambandsins nr. 2020/852 auk reglugerðar nr. 2021/2139 um flokkunarkerfi sjálfbærra fjárfestinga (e. EU Taxonomy). Flokkunarreglugerðin skilgreinir hvað telst vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi. Þar eru sett fram tæknileg matsviðmið sem skilgreina að hvaða marki atvinnustarfsemi eða tiltekin verkefni fyrirtækja telst umhverfislega sjálfbær.

Starfsemi Lánasjóðsins er lánveitingar til sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana í þeirra eigu. Lánasjóðurinn hefur flokkað allar grænar lánveitingar ársins í samræmi við ákvæði flokkunarreglugerðarinnar. Voru allar lánveitingar flokkaðar miðað við þau verkefni sem lánað var til og lagt mat á hvort þau féllu undir þá flokka sem skilgreindir eru samkvæmt flokkunarreglugerðinni. Um 15% af lánveitingum grænna lána á árinu féllu undir flokkun frameiðslu á varma/kælingu úr jarðvarmaorku, 1% tilheyrði uppbyggingu, stækkun og starfrækslu skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa, 39% féllu undir flokkun smíði nýrra bygginga og 45% tilheyrði endurnýjun bygginga sem fyrir eru.

Enginn lántaki gat staðfest að viðkomandi verkefni uppfyllti tæknileg matsviðmið flokkunarreglugerðarinnar að öllu leyti.



Taxonomy flokkun grænna lána 2023



- 4.22. Framleiðsla á varma/kælingu úr jarðvarmaorku
- 5.3. Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa
- 7.1. Smíði nýrra bygginga
- 7.2. Endurnýjun bygginga sem fyrir eru

Útgáfa grænna skuldabréfa

Eftirspurn eftir grænum lánveitingum hefur sveiflast síðustu ár enda mótast eftirspurnin eftir þeim fjárfestingaverkefnum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir hverju sinni. Heildarlánveitingar Lánasjóðsins fyrir árið 2023 voru 5.400 milljónir. Það er umtalsvert hækkun frá árinu 2022, en þá lánaði sjóðurinn út 983 milljónir í grænar lánveitingar. Árið 2023 var metár í grænum lánveitingum frá því að Lánasjóðurinn hóf umhverfisbætandi vegferð sína. Fjórir aðilar tóku græn lán hjá sjóðnum 2023 til samanburðar við fimm aðila árið áður.

LSS40 GB

Til að fjármagna grænar lánveitingar hélt Lánasjóðurinn tvö útboð á árinu, í febrúar og október, í græna skuldabréfaflokknum LSS040440 GB. LSS40 GB er verðtryggt skuldabréf til 17 ára. Í fyrra útboðinu voru heildartilboðin samtals 3.290 milljónir og tilboðsbilið 2,92% - 3,10%. Samþykkt var að taka tilboðum að verðmæti 1.411 milljónir á ávaxtakröfunni 2,97%. Útlánavextir til lántakanda urðu 3,12%. Heildartilboð í seinna útboðinu voru 3.805 milljónir á tilboðsbilinu 3,79% - 4,16%. Samþykkt var að taka tilboðum að verðmæti 664 milljónir á ávaxtakröfunni 3,85% sem skilaði sér í 4,20% útlánavöxtum til lántaka.




Þetta eru hærrí vextir en sjóðurinn náði að fjármagna græn lán á árinu 2022 en hækkun stýrivaxta Seðlabankans á árinu hefur haft þau áhrif að ávöxtunarkrafa verðtryggða lána hefur hækkað. Til samanburðar var Lánasjóðurinn að veita græn lán á 2,88% vöxtum til lántakenda á árinu 2022.

Lánasjóðurinn átti frá fyrra ári, um 2.149 milljónir sem bættust við seld skuldabréf á árinu og því var útlánsfé á árinu 2023, samtals 4.224 milljónir.

Sjóðurinn veitti lántakendum lán að fjárhæð 3.600 milljónir í græn verkefni og því var 85% af fjármagninu ráðstafað. Eftirstöðvar af LSS40 GB í lok árs 2023 er um 624 milljónir.

Grænt skuldabréf LSS40 GB




■ Ráðstafað ■ Óráðstafað



LSB 29 GB

Engin útboð voru haldin í skuldabréfaflokknum LSB 280829 GB á árinu 2023. Eina útboðið í LSB 29 GB var árið 2021 þegar seld voru skuldabréf fyrir 1.738 milljónir á ávöxtunarkröfunni 4,20%. Eftirstöðvar af LSB29 GB í lok árs 2023 voru 95 milljónir. Á árinu 2023 voru engin lán veitt úr flokknum samanborið við 410 m.kr. á árinu 2022.

Grænt skuldabréf LSB 29 GB



■ Ráðstafað ■ Óráðstafað

Aðrar grænar lánveitingar

Á árinu 2023 voru tvær lánveitingar veittar til tveggja lántakenda að fjárhæð 1.800 m.kr. á 3,70% vöxtum á grundvelli lánsheimildar Lánasjóðsins hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB). Lántakan hjá CEB var tekin til að fjármagna verkefni hjá lántakendum Lánasjóðsins sem féllu undir skilgreiningu græna ramma sjóðsins um að vera umhverfisbætandi verkefni. Samhliða lántökunni hjá CEB gerði Lánasjóðurinn afleiðusamninga til að verja rekstur sjóðsins gangvart vaxta- og gjalddeyrisáhættu.

Lánshæf verkefni

Fráveitur og hreinsistöðvar

Fráveita og hreinsistöð - 70 m.kr.

Taxonomy flokkun: 5.3.

Endurnýjun á fráveitulögnum og uppsetning á nýrri hreinsistöð. Framhald af verkefni sem rekur uppruna sinn til ársins 2021.

- Endurnýjun fráveitulagna úr einföldu kerfi í tvöfalt - samtals 3.289 metrar.
- Ný hreinsistöð með áætlaða afkastagetu upp á 650 pe/ár.

Verk í vinnslu í árslok.

Jarðvarmavirkjanir

Hitaveita - 800 m.kr.

Taxonomy flokkun: 4.22.

Ný tæplega 20 km löng aðveituæð frá jarðhitasvæði.

- Áætluð flutningsgeta um 500 l/s.

Verk í vinnslu í árslok. Áætluð verklok 2024.





Vistvænar og vottaðar byggingar

Leikskóli - Svansvottun - 1.100 m.kr.

Taxonomy flokkun: 7.1.

Nýr leikskóli byggður á steiptum undirstöðum en burðarvirki úr krosslímdu timbureiningum (KLT).

Verk í vinnslu í árslok. Áætluð verklok 2024. Reiknað er með að Svansvottun verði staðfest á árinu 2024.

Grunnskóli - Breem vottun - 1.000 m.kr.

Taxonomy flokkun: 7.1.

Nýr áfangi grunnskólabyggingar. Áframhaldandi verkefni sem rekur uppruna sinn til ársins 2015.

Verk í vinnslu í árslok. Áætluð verklok 2024. Reiknað er með að Breem vottun verði staðfest á árinu 2024.

Leik- og grunnskóli - Svansvottun - 2.430 m.kr.

Taxonomy flokkun: 7.2.


Áframhaldandi uppbygging á nýjum leik- og grunnskóla í stað eldra mannvirkis. Burðarvirki úr krosslímdu timbureiningum (KLT).

Verk í vinnslu í árslok. Svansvottun í áframhaldandi umsóknarferli.





Taxonomy flokkun grænna lána 2023



■ Fráveitur og hreinsistöðvar ■ Jarðvarmavirkjanir ■ Vistvænar og vottaðar byggingar

Viðauki I

Útgreidd græn lán 2023

Sveitarfélag	Útlán Tilgangur	Taxonomy flokkun	Lán uppfyllir tæknileg skilyrði Taxonomy reglugerðar
Bláskógabyggð	70 Fráveita og hreinsistöð	5.3.	Nei
Garðabær	600 Leikskóli - Svansvottun	7.1.	Nei
Garðabær	500 Leikskóli - Svansvottun	7.1.	Nei
Garðarbær	1.000 Urriðaholtsskóli - Breem vottun	7.1.	Nei
Kópavogur	1.500 Kársnesskóli - Svansvottun	7.2.	Nei
Kópavogur	930 Kársnesskóli - Svansvottun	7.2.	Nei
Norðurorka	800 Hitaveita	4.22.	Nei
Samtals	5.400		

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. (LS) vegna framvinduskýrslu vegna grænna skuldabréfa LS fyrir árið 2023 með takmarkaðri vissu um að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem Lánasjóðurinn gefur út byggji á viðeigandi upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og ráðstöfun lánveitinga í samræmi við samþykka umgjörð Lánasjóðsins um græn verkefni.

Niðurstaða

Við höfum yfirfarið ráðstöfun LS í lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2023 og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggji á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni samkvæmt grænni umgjörð LS, eins og lýst er á bls. 9 - 16 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa lánasjóðsins.

Yfirferð okkar nær ekki til annarra upplýsingar í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa en þeirra sem að ofan greinir og eru á bls. 9 - 16 og við staðfestum þær á ekki á neinn hátt.

Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að lánveitingar til grænna verkefna séu ekki í öllum meginatriðum í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu Lánasjóðsins og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggji ekki á réttum fjárhæðum hvað varðar lántökur og lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2023 eins og lýst er á bls. 9 - 16 í framvindu- skýrslu grænna skuldabréfa.

Grundvöllur fyrir niðurstöðum

Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, ISAE 3000 (revised) Assurance Engagements other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB). Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum um Ábyrgð endurskoðanda.

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur ásamt alþjóðlegum stöðlum um óhæði, sem gefið hefur verið út af International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA).

KPMG hefur innleitt alþjóðlegan staðal um gæði, ISQM 1, sem innheldur kröfur um að fyrirtækið hanni, innleiði og starfræki gæðastjórnunarkerfi, þ.m.t. stefnur eða verklagsreglur sem tryggja fylgni við siðareglur og aðrar gildandi reglur og lög.

Við teljum að við höfum aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöður okkar á.

Ábyrgð stjórenda LS

Stjórnendur LS bera ábyrgð á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfa og ráðstöfun þeirra til grænna verkefna á árinu 2023 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu sjóðsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur bera stjórnendur ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu, útreikninga og mat á upplýsingum um útgáfu skuldabréfa og ráðstöfun þeirra til grænna verkefna þannig að framsetning upplýsinga sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að:

- skipuleggja og framkvæma vinnu okkar þannig að takmörkuð víska fáist um hvort framvinduskýrsla um græn skuldabréf LS sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.
- komast að óháðri niðurstöðu, byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað; og
- gefa út áritun með niðurstöðum til LS.

Samantekt á aðgerðum sem byggja undir niðurstöður

Við beittum faglegri dómgreind og viðhöfðum faglega gagnrýni við yfirferðina. Við skipulögðum aðgerðir til að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöður okkar á.

Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna lánasjóðsins til að afla skilnings á ráðstöfun lánveitinga og rekja forsendur fyrir veittum lánum í samþykka umgjörð Lánasjóðsins fyrir skilyrðum grænna lánveitinga.

Aðgerðum beitt við takmarkaða staðfestingu eru ólíkar hvað varðar eðli og tímasetningu vinnu og eru að auki umfangsminni, samanborið við staðfestingu sem felur í sér hæfilega vissu (e. reasonable assurance). Þarf af leiðandi er stig staðfestingar sem fengin er með afmarkaðri staðfestingu verulega lægra en staðfesting sem felur í sér hæfilega vissu.

Reykjavík, 6. september 2024

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir